

11. stjórnarfundur Siðmenntar

Fimmtudaginn 3. september 2020, kl. 17:00 á Jörgensen bar, Laugavegi.

Mætt á fund: Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Margrét Pétursdóttir (meðstjórnandi), Karen Edda Benediktsdóttir (meðstjórnandi) Sveinn Atli Gunnarsson (varaformaður), Stefán Rafn Sigurbjörnsson (varamaður), Árný Björnsdóttir (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

Forföll boðuð: Hope Knútsson (varamaður) og Mörður Árnason (varamaður)

Fundarritun: Siggeir F. Ævarsson og Inga Auðbjörg

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Framtíðarskipulag BF, gestur fundar: Sævar

Finnbogason

a. Undirefni

Sævar vildi koma á framfæri áhyggjum sínum af því að staða kennslustjóra sé lögð niður. Hlutverk hans á staðnum þegar kennsla er í gangi hverju sinni sé ómetanlegt, til að t.d. stökkva inni í kennslu, sinni agamálum, forföllum og ekki síst leiðbeina nýjum kennurum.

2. Trúnaðarmál athafnarstjóra

a. Stjórn upplýst um mál er varðar athafnarstjóra.

3. Kennsluráð

a. Umsóknir og mönnun ráðsins

Tvær góðar umsóknir hafa borist. Stjórn samþykkir að ráða

þær báðar. Framkvæmdastjóri hefur samband við þær og staðfestir.

Finna þarf þriðja aðilann í ráðið. Stjórn leggur höfuðin í bleyti.

4. Aðalfundur HI

a. Fulltrúi með atkvæðisrétt

Formaður fer með atkvæðarétt á fundunum, sem verða tveir, álinis.

5. Tímarit

a. Undirbúningur

Framkvæmdastjóra falið að kanna verð í prentun og einnig afla upplýsinga um verð í úthringiverum fyrir styrktarlínur.

6. Markaðssetning útfara

a. Birting á minningarsíðum

Framkvæmdastjóra falið að kanna verð á birtingum á minningarsíðum, og einnig að skoða endurhönnun á bæklingi hjá hönnuði.

7. Siðmenntarnælur (og annað kynningarefni)

a. Nælur

Siðmenntarnælur úr silfri, sem athafnastjórar hafa fengið að gjöf, eru að klárast. Einnig er komin fram sú hugmynd að panta minni og "óformlegri" nælur sem almennir félagsmenn gætu borið með stolti til að auðkenna sig á mannamótum.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

b. Annað kynningarefni

Framkvæmdastjóri og formaður vinna málið áfram. Hugmyndir um að panta fána, penna, límmiða o.fl.

8. Lífsskoðunarkönnun

a. Birting

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Formaður leggur til að haldið verði málþing um sálgæslu og kynna könnunina samhliða. Súpa og sálgæsla! Fundardagur 1. október, fimmtudagur.

9. Önnur mál

Kristín leggur fram hugmynd um mögulega “sumarbúðir” fyrir unglinga næsta sumar.

Næsti stjórnarfundur ekki fastsettur. Könnun sett á stjórnarspjall til að finna fundardaga fyrir veturinn.

Fundi slitið klukkan: 19:02